

Nr. 23-027-S-015 Drangavík VE 80**Vélarvana**

Skipaskr.nr. 2048 IMO 8812045
Smíðaður: Carve Shipyard Portúgal 1991, stál
Útgerð: Vinnslustöðin hf
Stærð: 356,5 BT
Mesta lengd: 28.98 m Skráð lengd: 28.02 m
Breidd: 7.9 m Dýpt: 6.2 m
Vél: Deutz 465 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 11

Gögn:
Gögn RNSA



Drangavík © Hilmar Snorrason

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 12. nóvember 2023 var skipið á leið út úr Vestmannaeyjahöfn. Veður: Logn og ládaður sjór.

Á leiðinni út úr höfninni, um kl. 00:30, stöðvaðist aðalvél skipsins þegar það var komið rétt út fyrir Klettsnefið. Haft var samband við Vaktstöð siglinga sem kallaði út björgunarskipið Þór sem fór þegar til aðstoðar. Um það leyti sem Þór kom að skipinu tókst að koma vélinni í gang á ný og bakka skipinu frá Klettsnefinu. Sigldi skipið fyrir eigin vélarafli til hafnar en í fylgd björgunarskipsins og hafnsögubátsins Lóðsins.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Á leið til hafnar á ný voru gangtruflanir í aðalvélinni en þegar skipið var komið að bryggju stöðvaðist hún á ný.
- Í ljós kom að olúeyðslumælir skipsins var stíflaður og hleypti ekki nægjanlegu magni af olú í gegn um sig. Við það fékk aðalvél skipsins ekki nægt eldsneyti og stöðvaðist.
- Í umsögn frá umboðsaðila mælanna kom fram að í þeim eru síur sem þarf að hreinsa reglulega. Ef ekki eru forsíur á lögninni frá daghylki að vél og búnaði þarf að þrífá þessar síur reglulega en sú hætta er fyrir hendi að stórar agnir lendi í síunni að mælinum og stífli hann snögglega.
- Olúeyðslumælirinn er af gerðinni Contoil VZFA II 20 RC 130/16



Mynd 1



Mynd 2

Nefndarálit:

Ástæða þess að aðalvél Drangavíkur stöðvaðist var að skyndilega dró úr rennsli eldsneytis frá daghylki að olúdælu vegna stíflu í rennslismæli.

Lokaskýrsla afgreidd 12. desember af Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni og Jóni Finnbjörnssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.